

þóknun fyrir, eptir úrskurði sýslumanns, ef á greinir, en aðgang eiga rekstrarmenn að eigendum fjárins með þá borgun, ef þeim hefur eigi verið sjálfum um að kenna. Sjá skulu og rekstrarmenn um, að fje það, er saman við hefur komið, komist í áttþaga sína, eigendum að skadlausu. 80

## 61. gr.

Verði einhver sannur að því, að hafa tekið fje annars í rekstur heimildarlausu, skal hann bæta eigendum það að fullu eptir samkomulagi, eða eptir mati óvilhallra manna, er sýslumaður til nefnir, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gjört af skeytingarleysi, varðar það að auki sektum.

## VII. Ábyrgð verka. Sektir, málssókn.

## 62. gr.

Um það, hver ber ábyrgð til sekta og skaðabóta fyrir brot móti reglugjörð þessari, fer eptir almennum reglum.

## 63. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, 1—200 króna, er renna í sjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

## 64. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

## 65. gr.

Með reglugjörð þessari, er numin úr gildi reglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu 5. sept. 1885 um notkun afrjetta, ítölu o. s. frv. 1.—43. gr. og breytingar og viðauki við þá reglugjörð 4. ágúst 1888, 1.—10. gr.

Amtsráð Suðuramtsins, 23. dag júnímán. 1896.

*J. Havsteen.*

**Brjef landshöfðing a til stiptsyfirvaldanna um lántöku handa Álptamýrarkirkju og Rafnseyrarkirkju.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, 19. júní dagsettu 17. þ. m., veiti jeg hjer með samþykki mitt til þess, að presturinn að Rafnseyri taki handa Álptamýrarkirkju 700 kr. lán, er endurborgist af tekjum kirkjunnar á 20 árum samfleytt, frá lántökudegi að telja, með 35 kr. á ári auk vaxta, og handa Rafnseyrarkirkju 400 króna lán, er endurborgist af tekjum þeirrar kirkju á 10 árum samfleytt, frá lántökudegi að telja, með 40 kr. á ári, auk vaxta. Lán þessi ber að endurborga af tekjum prestakallsins að því leyti, sem tekjur hvorrar kirkju um sig eigi hrökkva til þess. — Því skal við bætt, að það er á valdi stiptsyfirvaldanna að kveða á um það, hvort telja skuli heldur prestinum eða kirkjunum til endilegra útgjalda það, sem borga kann að þurfa árlega af tekjum prestakallanna í afborgun og vexti af umræddum lánnum.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.